


Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags „Landsímareits“ stgr. 1.140.4

Upphaflegt heildardeiliskipulag svæðisins er deiliskipulag Kvosarinnar, staðgreinireitur 1.410, samþykkt 1.10. 1987, breyting fyrir reitinn „Landsímareit“ var samþykkt í borgarráði 25.07.2013. Svæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem Miðborg M1a Miðborgarkjarni.

Breytingin felst í því að bætt er við skilmála heimild til að setja flóttastiga í ljósgarði milli Thorvaldsens-strætis 2 og 4-6 út fyrir byggingarreit.



Texti gildandi skilmála kafla byggingareitir er svo hljóðandi:

Byggingareitir

Byggingarreitir, láréttir og lóðréttir, eru sýndir á uppdrætti og skulu byggingar bindast þeim alfarið. Heimilt er þó á efri hæðum, að byggja útskotsglugga og grunnar svalir út fyrir byggingarreit um allt að 40 sm og skyggni á götuhæðum um allt að 120 sm. Þetta gildir einnig um þegar byggð hús, nema þau njóti sérstakrar verndar.

Á uppdrætti er sýnd skipting bygginga í húshluta. Húshlutar skulu ekki mynda samfelldan vegg að götu og er hlíðrun þeirra, sem er að lágmarki 30 sm, sýnd á skýringarmyndum og kveðið nánar um á mæliblöðum.

Allar hámarkshæðir bygginga koma fram á uppdrætti/sneiðingum. Hæðarkótar eru leiðbeinandi og verður kveðið nánar um þá á hæðarblöðum.

Heimilt er að byggja kjallara undir húsum þar sem aðstæður leyfa og eru skilgreindir á uppdrætti. Stærðir bygginga eru sýndar í tölum á uppdrætti

Heimilt er að lyftur og annar tæknibúnaður fari upp fyrir hámarksþakkóta allt að 2,5 m

Heimilt er að gera kjallara á einni hæð að útmörkum lóða þar sem aðstæður leyfa.

Tillaga að breyttum texta í skilmálum kafla byggingareitir er svo hljóðandi:

Bætt er við kaflann byggingareitir eftirfarandi setningu:

Leyfilegt er að setja flóttastiga í ljósgarð milli Thorvaldsensstrætis 2 og 4-6 út fyrir byggingarreit.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á skipulags- og samgöngur þann 30. janúar 2019.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 22. febrúar 2019.

 Skipulagsstofnun

Mótt.: - 6. mars 2019

Málnr.

[Faint handwritten signature]